



Myndasýrpa á bls. 6-7

Heiðursgrillararnir Aron Can, Magnús Kjartan og Diljá stóðu vaktina, ásamt fleirum, á styrktarlettunni í ár. Ljósmynd: Mummi Lú

Met slegin í draumaveðri á fjölmennri Kótelettu

Veðrið lék við hátíðargesti þegar grill- og tónlistarhátíðin Kótelettan var haldin í þrettánda skiptið á Selfossi um helgina. Hátíðin var, líkt og undanfarin ár, með þétta og góða dagskrá og má þá meðal annars nefna stóru grillsýninguna, styrktarlettur SKB (Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna), fjölbreytt fjölskyldudagskrá á sviðinu í Sigtúnsgarði og auðvitað tónlistarveisluna á sviðinu fyrir utan Hvíta húsið.

Í samtali við Dagskrána segir Einar Björnsson, hátíðarhaldari Kótelettunnar, að hátíðina hafi farið mjög vel fram og engin alvarlega mál komu upp. „Allir voru í góðum gír og bara eintóm hamingja á svæðinu,“ segir Einar.

Rúmlega 4000 einstaklingar sóttu tónlistarhátíðina í ár og er það fjölgun frá því árinu áður, en rétt undir 4000 sóttu hátíðina í fyrra. „Við stækkuðum svæðið talsvert til þessa að auka olboga-

rýmið og lokuðum á söluna á föstudeginum svo það færi vel um alla á svæðinu“ sagði Einar.

Met slegið á styrktarlettu SKB

Undirtektirnar fyrir styrktarlettunni í ár voru mjög góðar og samkvæmt óstaðfestum tölum voru seldar kótelettur fyrir á aðra milljón í ár, sem er stóru aukning frá því árinu áður. Og ekki nóg með það, heldur ætla hátíðarhaldarar að tvöfalda þá tölu sem mun renna beint til

Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna. Heiðursgrillararnir á styrktarlettunni í ár voru líka ekki af verri endanum, en það voru þau Aron Can, Diljá og Magnús Kjartan sem sáu um að meðhöndla steikurnar, ásamt fleirum.

Gríðarlega öflug hátíð fyrir samfélagið

Fólksútfærðin, og þá sérstaklega á laugardeginum, var gríðarlega mikil í bænum og fannst

Einari ekki ólíklegt að það hafi verið í kringum 20.000 gestir í bænum. Mjög mikið var að gera hjá fyrirtækjum bæjarins alla helgina og þá sérstaklega á veitingarstöðunum en margir þeirra voru með metaðsókn þessa helgi. „Ég hef ekki fundið fyrir öðru en gríðarlegri ánægju eftir helgina og allir bíða spenntir eftir næstu hátíð,“ bætir Einar við í lokin.

BRV

Fáðu
fagmann
í verkið



Framúrskarandi
fyrirtæki



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

ÚTSALA

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

HÖFUM STÓRAUKIÐ
ÚRVALIÐ Á ÚTSÖLUNNI

MIKILL
AFSLÁTTUR

OPIÐ LAUGARDAG KL. 10-16
OG SUNNUDAG KL. 12-16

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum
algengustu stærðunum.



SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

Tuttugu og sex sveinar í húsasmíði

Helgina 2. júní til 4. júní síðastliðinn var haldið sveinspróf í húsasmíði við FSu en sveinspróf iðngreina krefst mikils undirbúnings bæði af kennurum og nemendum. Prófið hófst stundvíslega klukkan 8.30 en prófað er bæði í bóklegum efnum og verklegum. Að sögn Lárusar Gestssonar fagstjóra tréidna er sveinspróf „hvort tveggja í senn afar skemmtilegur en krefjandi tími fyrir nemendur. Mikil vinna á krefjandi lokaönn í skóla og svo þriggja daga lokapróf.“

Einkunnir voru síðan afhentar fimmtudaginn 8. júní og luku allir nemendur prófi með

fullnægjandi einkunn og var sú hæsta 9,3 sem telst mjög góður árangur í sveinsprófi.

FSu/jöz



Mynd: Fjölbautaskóli Suðurlands

Gling Gló í alla leikskóla landsins



Hrafnhildur Hreinsdóttir með bækurnar í leikskólanum Brákarborg. Mynd: Aðsend.

Bókasmíðjan Gimbill hefur nýlega fært öllum leikskólum á landinu 250 talsins, tvær bækur að gjöf en þær fjalla um Gling Gló, hjátrúarfullu ömmu hennar og vininn Óbó. Fyrirtækin KPMG og Sjóvá sýndu samfélagslega ábyrgð í verki og styrktu framtakið og eru þeim færðar hlýjar þakkir fyrir. Einnig þakklæti til allra sveitarfélaga og samtaka sveitarfélaga sem tóku að sér að dreifa bókunum innan síns svæðis.

Bækurnar segja frá því þegar Gling Gló er í pössun hjá ömmu og leikur sér við Óbó vin sinn sem býr í blokkinni hennar ömmu. Amma er hjátrúarfull og þegar hún hendir fram einhverri staðhæfingu í þá áttina - þá gerist eitthvað áhugavert í lífi barnanna. Leiðarstefið í bókunum um Gling Gló er þegar fullorðið fólk vitnar hugsunarlaust í hjátrúna og börnin taka því bókstaflega.

Gling Gló og spegillinn er fyrsta bókina í bókaflokknum og fjallar um það þegar hún brýtur spegil og amma segir að það boði 7 ára ógæfu.

Gling Gló og regnhlífin er önnur í röðinni og í henni opnar hún regnhlíf inni í húsi, sem amma segir að boði rigningu, myrkur og jafnvel andlát.

Höfundur bókanna er Hrafnhildur Hreinsdóttir sem lét drauminn rætast og fór að skrifa og gefa út bækur þegar lífeyrisárin tóku við. Hún er með meistaraþráðu í upplýsingafræði auk þess að hafa háskólapróf í íslensku og kennslufræði. Hún stofnaði Gimbi bókasmíðju

utan um verkefnið og gefur sjálf út bækurnar. Hrafnhildur hefur komið víða við í atvinnulífinu, unnið sem kennari, upplýsingafræðingur, vefstjóri, fræðslustjóri og í mannauðsmálum.

Bækurnar eru fallega myndskreyttar og henta öllum börnum á aldrinum 4-9 ára og svo hafa fullorðnir líka haft lúmskt gaman af lestrinum. Þær eru til sölu hjá Pennanum Eymundsson og í bókabúð Forlagsins. Einnig eru bækurnar aðgengilegar til hlustunar á Storytel, Spotify og Youtube í upplestri Lilju Bjargar Gísladóttur.

Þá eru í farvatninu fleiri bækur um Gling Gló, ömmuna hjátrúarfullu og vininn Óbó, þar af tvær sem koma væntanlega út í september eins og sjá má á vefsíðunni www.glingglo.is Þar er líka hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um höfundinn og bækurnar. Hægt er að nálgast þær í Pennanum Eymundsson, Forlaginu eða panta þær á vefnum.



Skoðaðu vörurvalið á
www.bilanaust.is



GÆÐAOLIUR OG GLUSSI

Bilanaust Hrísmýri 7,
800 Selfossi
S. 484 4200

Opið
Mán - fös 8 - 18
Lau 10 - 14




A

AÐALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Ekki gleyma ferðafélaganum



Forðastu vanrækslugjaldið og komdu með
ferðavagninn fyrir mánaðarmót!



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. og 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulags- og matslýsingar eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga, tillaga aðalskipulagsbreytingar og tillaga nýs deiliskipulags.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlanar:

- 1. Brúarhlöð; Skipulagslýsing; Deili- og aðalskipulagsbreyting - 2306093**

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2023 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 auk nýs deiliskipulags. Breytingin tekur til Brúarhlaða í Hrunamannahreppi. Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið nær yfir nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Brúarhlöð, sunnan Skeiða- og Hrunamannavegar. Breytt landnotkun er innan jarðarinnar Brúarhlöð L234128. Stærð skipulagssvæðis er um 6 ha. Við Brúarhlöð er bílastæði þar sem ferðamenn stoppa og skoða gljúfur Hvítár. Landeigandi vill byggja upp þjónustu á staðnum, s.s. gistingu, veitingar, stækka bílastæði og byggja upp gönguleiðir um svæðið og út í eyjar í Hvítá þar sem gerð verða örugg útsýnissvæði. Heildarbyggingarmagn getur verið allt að 1000 m².
- 2. Litla-Fljót 1 L167148; Verslunar- og þjónustusvæði; Skipulagslýsing - 2305081**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 5. júlí 2023 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins á landi Litla-Fljóts 1. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á landnotkunarflokki svæðisins yfir í verslun og þjónustu. Breyting verður gerð á greinagerð aðalskipulags og á uppdrætti. Á svæðinu hefur landeigandi uppi áform um að byggja allt að 20 lítil gistihús til útleigu í nokkrum áföngum. Aðkoma er um veginn Litla-Fljót. Fyrirhuguð gistihús verða á einni hæð. Viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að afmarka lóðir og byggingarreiti ásamt því að skilgreina fyrirkomulag aðkomu og setja þau ákvæði sem ástæða er til í deiliskipulagi.
- 3. Bitra land L200842; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2302064**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 28. mars 2023 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins innan Bitru lands, L200842. Alls er um að ræða um 43 ha lands sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að svæðið verði skilgreint landbúnaðarsvæði og um 5 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er m.a. að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli og auka þannig fjölbreytni í búsetu. Gert er ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir svæðið samhliða aðalskipulagsbreytingunni.
- 4. Reykholt; Verslunar- og þjónustusvæði; Skipulags- og matslýsing - 2306088 / 2306089**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 5. júlí 2023 að kynna skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og deiliskipulags innan þéttbýlisins í Reykholti. Á Skólavegi 1 í Reykholti er starfrækt 40 herbergja hótél og er stefnan að stækka það í 120 herbergi á þremur hæðum. Gatan Tungurími hefur verið hönnuð og var færð um 15 m til norðvesturs, landnotkun og lóðir umhverfis götuna eru aðlagðar að breytti legu hennar. Þá verður gamla leikskólanum á Reykholtshreppi 4 breytt úr samfélagsþjónustu í verslunar- og þjónustusvæði og settir skilmálar fyrir lóðina í breyttu deiliskipulagi.
- 5. Útey 1 L167647; Skipulagslýsing; Aðalskipulagsbreyting - 2306076**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 5. júlí 2023 að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og nýs deiliskipulags í landi Úteyjar. Frístundasvæði F32 og F37 verða stækkuð og afmörkun þeirra breytt. Þá verða sett inn tvö verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðaþjónustu. Samhliða verða felld út tvö efnistökusvæði. Í deiliskipulagi verður gerð nánari grein fyrir uppbyggingu m.a. lóðaskipan, byggingarskilmálum og öðrum ákvæðum í samræmi við breytt aðalskipulag.
- 6. Minni-Borg golfvöllur íþ5 og Landbúnaðarsvæði L3, breytt landnotkun, nýtt íþróttasvæði og verslunar- og þjónustusvæði við Borg. Aðalskipulagsbreyting - 2303019**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 10. júlí 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar á svæði sunnan Þjóðveggar við þéttbýlið að Borg í Grímsnesi. Breytingin tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði innan núverandi golfvallarsvæðis þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir gistingu auk annarrar þjónustu við notendur golfvallarins. Að auki er skilgreint nýtt íþróttasvæði syðst á svæðinu sem tekur til uppbyggingar á hesthúsasvæði og aðstöðu fyrir hestaiþróttir.
- 7. Svínavatn 3 L232042; Íbúðarlóðir; Deiliskipulag - 2305076**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2023 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðar Svínavatns 3, L232042. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að skipta 5 ha landi í 2 lóðir, 3,5 ha og 1,5 ha á stærð og að þar geti rísið 1 íbúðarhús á hvorri lóð og á þeirri stærri vinnuskemma og lítil gestahús til útleigu.

- 8. Sunnuhlíð; Íbúðarsvæði; Endurskoðun deiliskipulags - 2306086**

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2023 að auglýsa tillögu að heildarendurskoðun deiliskipulags íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar, vestan núverandi þéttbýlis að Flúðum. Deiliskipulagið tekur til íbúðarsvæðis ÍB8, verslunar- og þjónustusvæðis VP5, iðnaðarsvæðis I3 og opins svæðis OP5 að hluta. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjölbreyttri íbúðarbyggingu í formi einbýlishúsa, parhúsa og raðhúsa. Á verslunar- og þjónustureit er gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu gistiþjónustu. Á iðnaðarreit er gert ráð fyrir uppbyggingu hreinsivirkis fyrir svæðið og á opnum svæðum er gert ráð fyrir heimildum fyrir uppbyggingu göngu- og reiðstíga. Samhliða var samþykkt óveruleg breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps sem tekur til viðkomandi svæðis.
- 9. Hraunvellir L203194; Íbúðarlóðir, byggingarreitir gistihúsa og útihúsa; Deiliskipulag - 2306034**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. júní 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Hraunvalla L203194. Fyrir er deiliskipulag í gildi innan svæðisins. Við gildistöku nýs deiliskipulags fellur eldra úr gildi. Í skipulaginu felst m.a. skilgreining lóða og byggingarreita fyrir íbúðarhús, útihús og gistihús.
- 10. Öndverðarnes 1 L168299; Neðan-Sogsvegur 1A og 1B; Deiliskipulag - 2305088**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til jarðar Öndverðarness 1. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur lóðum undir staðföngum Neðan-Sogsvegur 1A (9.946 fm) og 1B (13.479 fm). Skilgreindir eru byggingarreitir auk byggingarheimilda þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir frístundahús ásamt aukahúsum á lóð innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

Samkvæmt 32. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórna vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga.

- 11. Sunnuhlíð; Breytt stærð ÍB 8 og VP5; Óveruleg breyting á aðalskipulagi - 2306092**

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2023 tillögu óverulegrar aðalskipulagsbreytingar sem tekur til aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032. Breytingin er unnin í tengslum við endurskoðun deiliskipulags Sunnuhlíðar. Í breytingunni felst óveruleg innbyrðis tilfærsla landnotkunarláka á óbyggðu svæði auk þess sem verslunar- og þjónustureitir VP5 minnkar á kostnað íbúðarsvæðis ÍB8 og opins svæðis OP5. Afmörkun VP5 breytist lítillega til norðurs inn á íbúðarsvæði á móti til að nýta betur landhalla innan svæðisins. Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Samkvæmt 14. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórna vegna útgáfu eftirfarandi framkvæmdaleyfis.

- 12. Klausturhólar gjallnámur L168965; Efnistaka Seyðishólum, náma E24; Framkvæmdaleyfi - 2302043**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 29. júní 2023 útgáfu framkvæmdaleyfis eftir grenndarkynningu sem tekur til efnistöku á efnistökusvæði E24 að Seyðishólum. Fyrirhugað er að taka 500.000 m³ af efni úr námunni á næstu 15 árum eða um 33.000 m³ á ári. Stærð námusvæðisins er 3,5 ha í dag og er áætlað að raskað svæði verði við áframhaldandi efnistöku í heild 4,4 ha. Við afgreiðslu leyfisins var lögð fram greinargerð unnin í samræmi við 10. og 12. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi og 3. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 þar sem tiltekin eru helstu skilyrði vegna útgáfu leyfisins og gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Niðurstaða sveitarfélagsins er kæránleg til Úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála, kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu ÚUA, www.UUA.is Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is, www.fludir.is og www.skeidgnup.is. Mál 1 - 7 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 13. júlí 2023 með athugasemdafrest til og með 4. ágúst 2023. Mál 8 - 10 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 13. júlí 2023 með athugasemdafrest til og með 25. ágúst 2023. Mál 11 - 12 eru tilkynningar um niðurstöðu sveitarstjórnar.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangi@skipulag.utu.is

Vígfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Grillaði marineraða kjúklingavængi í djúsi-sósu

Anna Margrét Magnúsdóttir, Grillmeistarinn 2023 á Kótelettunni, deilir með lesendum uppskriftinni af sigurréttinum

Ég bar um helgina sigur úr bítum í keppni um Grillmeistarann 2023 í flokki áhugamanna, á grill- og tónlistarháttíðinni Kótelettunni á Selfossi. Ég hef mikinn áhuga á öllu matar og bakstursbrasi og hef haft hann lengi, er alin upp við það og beinlínis elska það. Ég geri til að mynda matseðil fyrir heimilið mitt hálfan mánuð fram í tímann og búin að gera í mörg, mörg ár.

Vikumatseðill Önnu á Facebook

Fyrir nokkrum árum fór ég svo að setja matseðlana mína inni á Facebook-hóp sem ég bjó til og heitir „Vikumatseðill Önnu“. Þar set ég líka inn uppskriftir af réttunum sem ýmist eru frá mér eða öðrum. Þetta er bara gert til þess að leyfa öðrum að njóta, fá hugmyndir og hafa gaman. Þetta er ekki kostað af neinum fyrir-tækjum eða framleiðendum. Nú fylgja mér tæplega 3000 manns og allir sem hafa áhuga eru velkomnir í hópinn.

Anna Margrét Magnúsdóttir



Anna Margrét Magnúsdóttir með verðlaunin sín. Mynd: Magnús Hlynur.

Grillaði marineraða kjúklingavængi í djúsi-sósu

með soðnu „hvítlauks“ byggi og köldum hvítlauks og gráðostasósum.

Marinering á vængina

- 2 bakkar kjúklingavængir.
- (Ég klippti þá niður í 3 hluta. Ég notaði ekki mjóla hlutann. Miðjuhlutann og keiluna notaði ég)
- 1/2 smáttskorið rautt chilli
- 2 dl teryaki sósa
- 1 dl sojasósa
- 1 dl hunang
- 1 geiralaus smáttskorinn hvítlaukur
- 1 msk. chilliflögur

Öllu blandað saman og vængirnir settir út í. Geymt í lokuðu ílát í ískáp í sólarhring (þarf eflaust ekki að vera svo langur tími).

Djúsi-sósan góða á vængina

- 1,5 dl sweet chilli sósa
- 1,5 dl bbq sósa
- 3-4 dl teryaki sósa
- 1- 1,5 dl sojasósa

- 2 smáttskornir geiralausir hvítlaukar
- 1,5 dl hunang
- 4 msk. púðursykur
- 1/2 tsk. mulinn svartur pipar
- 1 msk. muldar þurrkaðar chilliflögur

Soðið saman við lágan hita í ca korter. Smakið til. Athugið að sojasósan er mjög sölt. Betra að setja minna fyrst og bæta út í eftir smekk. Eins með chilliflögurnar. Þær stjórna alveg hversu spicy sósan verður. Vængirnir eru teknir upp úr marineringunni og þurrkaðir vel, annars skíðloga þeir á grillinu :). Þeir eru grillaðir við miðlungshita í ca. 7 mín. á hvorri hlið, fer eftir þykkt. Um að gera að snúa þeim oft. Þeim er svo velt vel og vandlega upp úr djúsi sósunni, veiddir upp úr og raðað á disk. Sesamfræjum,

niðursneiddum vorlæk og niðursneiddu rauðu chilli er stráð yfir.

Með þessu bar ég fram soðið bankabygg sem ég hafði blandað heimagerðu hvítlauks-smjöri saman við. Það toppaði ég með kasjúhnetum sem ég sauð upp úr djúsi-sósunni í svona 5 mín. Einnig gerði ég hvítlaukssósu og gráðostasósu og bar fram með þessu öllu (uppskriftir af þeim má sjá inn á Vikumatseðill Önnu á Facebook).



Ingimar Helgi Finnsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.



Ég vil auðvitað byrja á það þakka Gunnari Inga Jónssyni fyrir að velja mig sem arftaka sinn. Hann hefur grillað fyrir mig silunginn sem að hann talaði um í síðustu viku og það er ljúfmeti.

Þar sem við fjölskylda mín eldum oft kjúkling langar mig að deila með ykkur einfaldri en frábærri uppskrift sem tilvalið er að reiða fram í matarboði.

Kjúklingabringur með rjómasósu, smælki og spínati

- 4 kjúklingabringur
- 700 g kartöflumælki
- Slatti af olíu
- Dass af þurrkuðum chiliflögum
- 1-2 hvítlauksrif
- 40 g parmesanostur
- 70 g sólþurrkaðir tómatar
- 330 ml rjómi
- 80 ml hvítvín
- 1 tengingur kjúklingakraftur
- 60 g spínat
- 10 g basilíka
- Salt og pipar

Hitið ofninn í 200 gráður með blæstri.

Skerið kartöflur í báta, setjið í eldfast mót, veltið upp úr olíu ásamt salti og pipar eftir smekk. Bakið í ofni í um 35-40 mín eða þar til þær eru fulleldaðar.

Saxið sólþurrkaða tómata smátt og leggið til hliðar. Rífið parmesan ostinn fínt og leggið til hliðar.

Steikið kjúkling. Hitið pönnu á meðalháum hita. Steikið bringurnar á hvorri hlið í um 3-5 mín, salt og pipar eftir smekk. Setjið í eldfast

mót og inn í ofn í 10-15 mín (fer eftir þykkt og stærð kjötsins). Geymið pönnuna.

Sósa

Bætið pressuðum hvítlauk og þurrkuðum chiliflögum á pönnuna og leyfið að steikjast á meðalhita í um 1 mín. Bætið hvítvíni út á pönnuna og hræið vel í með sleif. Setjið 85-95 ml af vatni, kjúklingakraft, helminginn af parmesan ostinum, sólþurrkaða tómata og rjómann út í og leyfið suðunni að koma upp. Lækkið hitann í miðlungsháan og leyfið sósunni að malla í 3-5 mín eða þar til hún þykkist. Bætið sósu-jafnara eftir smekk.

Salat

Saxið spínat og basilíku eftir smekk, blandið saman og geymið.

Takið kjúklinginn úr ofninum og bætið honum við sósuna, leyfið þessu að malla saman í smá stund.

Dreifið parmesan ostinum að lokum yfir kartöflurnar.

Berið fram með bros á vör og kannski smá hvítvíni.

Ég verð að fá að skora á kokkinn Guðmund Sigurðsson. Hann mun kokka eitthvað með bros á vör og gleðina að vopni. Allir verða ánægðir þegar Gummi Sig er í sama rými og þú.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Sléttað getur hola hún, hana missa lítil börn. Máir hægt út menn og tún, mínus einn er skólatörn.

Svar við gátu í blaði 2708: **BRÁÐ**
4. Sólbráð



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

Sjaldan verið flogið jafn mikið

Floghátíðin Allt sem flýgur fór fram um síðastliðna helgi á Hellu. Líkt og annars staðar á landinu var blíðskaparveður á Hellu sem varð til þess að sjaldan hefur verið jafn mikið flogið á hátíðinni, en í vikunni fyrir hátíðina fór einnig fram á Hellu Ís-

landsmótið í flugi þar sem keppt var í listflugi, fjarstýrðum loftförum, flugi á loftförum yfir 600 kg og flugi á loftförum undir 600 kg. Hátíðin hefur vaxið með hverju ári og mætti segja að hún sé orðinn ómissandi hluti af sumrinu hjá mörgum. Á hátíðinni gafst fólki tækifæri á að kynnst fluginu með einstökum hætti. Svæðið var ein samfelld flugsýning frá föstudegi til sunnudags þar sem maður gat skoðað vélarnar, setið við flugbrautina, fylgst með alls konar loftförum á svæðinu leika listir sínar. Hápunktur krakka var á laugardegnum þegar karmellukastið fór fram það sem sælgæti ringdi yfir svæðið. Um kvöldið var svo ekta íslensk kvöldvaka í flugskýlinu.

Samkvæmt mótshöldurum fór hátíðin mjög vel fram og bíða þeir spenntir eftir næstu hátíð að ári liðnu.

Myndir: Jón Svavarsson



Vilt þú vinna
á líflegum
vinnustað
á Hvolsvelli?



N1 Hvolsvelli óskar eftir að ráða kraftmikið og þjónustulipurt starfsfólk til framtíðarstarfa. Viðkomandi þarf að geta hafið störf um miðjan ágúst. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu. Þjónustustöðin okkar er fjörugur vinnustaður sem iðar af mannlífi frá morgni til kvölds.

- Helstu verkefni:
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
 - Önnur tilfallandi verkefni

- Hæfniskröfur:
- Reglusemi og stundvísi áskilin
 - Samskiptafærni og þjónustulund
 - Reynsla á sambærilegu starfi er kostur

- Fríðindi í starfi:
- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1
 - Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
 - Styrkur til heilsuefingar

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jenný Björgvinsdóttir, stöðvarstjóri í síma 487 8197 eða jennyb@n1.is



Grill- og tónlistahátíð



Öðin Kótelettan 2023

Ljósmyndir: Mummi Lú





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!

Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfus



Eftirtalдар skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar í bæjarstjórn Ölfuss þann 29. júní, í samræmi við 3. málsgrein 40. greinar og 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting á deiliskipulaginu Gljúfurárholt land 10 - Staður

Breytingin er fyrirhuguð á deiliskipulagi fyrir Stað í Ölfusi, sem áður hét Gljúfurárholt land 10. Heimildir til uppbyggingar á landinu eru aðlagðar breytingum í nýju aðalskipulagi. Hætt var við lóð fyrir samfélagsþjónustu sem gert var ráð fyrir í eldra skipulagi en í stað hennar settur reitur fyrir verslun og þjónustu. Hugmyndin er að byggja upp gistiaðstöðu í smáhýsum á reit, nyrst í landinu. Að auki eru heimildir til uppbyggingar á öðrum hlutum landsins skilgreindar nánar í samræmi við nýtt aðalskipulag.

Breyting á deiliskipulaginu Hjarðarból lóð 1

Lögð er fram breyting á deiliskipulaginu Hjarðarból lóð 1, þar sem byggingarheimildir á þremur af lóðunum sem skipulagið markar er breytt til samræmis við heimildir í nýju aðalskipulagi. Einnig er hámarks mænishæð aukin lítillega á lóðunum þremur, eða úr 6m í 6,6m.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 13. júlí til 17. ágúst 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 17. ágúst 2023.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

Öll velkomin á Sveitadaga hjá GobbiGobb

Þeir sem eru í vandræðum með að finna afgangingu fyrir krakkana í sumar ættu ekki að þurfa að leita lengra en til fyrirtækisins GobbiGobb. Í júlí verður GobbiGobb með tilraunaverkefni sem nefnist Sveitadagar, en fyrirtækið hefur undanfarin ár boðið upp á sumarnámskeið fyrir krakka. Námskeiðin nefnast Sveitanámskeið og þar fá krakkarnir að vinna með hesta, veiða hornsíli, vaða í fjörunni, fara í ratleik og grilla sykurpúða, svo fátt eitt sé nefnt. Námskeiðin hafa gengið vonum fram og þegar er fullbókað á flest námskeið sumarsins.

Sveitadagar GobbiGobb eru einskonar opið hús á fimmtudögum og laugardögum í júlí. Hægt verður að kemma og



klappa hestum, teymt verður undir krökkum í þrautabraut í gerðinu og krakkarnir geta veitt hornsíli í pollum skammt frá. Ef veður er gott getur fólk tekið með sér nesti og teppi og farið í lautarferð á túninu.



Hvað er betra en sumardagur í sveitinni? Áhugasamir geta kynnt sér allt um málið inni á heimasíðu GobbiGobb, www.gobbigobb.is.

Ólympíudagurinn haldinn hátíðlegur í Þorlákshöfn

Á hverju ári er haldið upp á Alþjóða Ólympíudaginn þann 23. júní úti um allan heim í tilefni af því að Alþjóðaólympíunefndin (IOC) var stofnuð á þessum degi árið 1894. Íþrótt- og Ólympíusambandið fagnaði deginum í samvinnu við Sveitarfélagið Ölfus og Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) og bauð unglingum úr Vinnuskólanum og börnum af leikjanámskeiðum að taka þátt í íþróttum og leikjum í Skrudgarðinum í Þorlákshöfn.

Á Ólympíudeginum er kjörið að spreyta sig á ýmiss konar íþróttum og þrautum. Í Skrudgarðinum voru settar upp fimm ólíkar stöðvar; ringó, krossbolti, veiðileikur, fótuleikur og æfing sirkusatriða sem Jörgen Nilsson, viðburða- og verkefnastjóri hjá Dalamacamp sá um að kenna. Um 50 unglingar Vinnuskólans mættu á svæðið, skipt var í hópa og fjörið hófst. Unglingarnir tóku virkan þátt og voru áhugasamir um að læra nýja færni og skemmtilega leiki. Í lokin voru grillaðar pylsur og sveitarfélagið bauð upp á ís.

Eftir hádegi mætti yngri kynslóðin í garðinn. Hópurinn taldi um 30 krakka á aldrinum 6-9 ára sem flest voru á leikjanámskeiðum í bænum. Krökkunum var skipt á fjórar ólíkar stöðvar sem flestar byggðust á leikjum en svo var ein sirkusstöð. Eftir að krakkarnir höfðu farið á allar stöðvar mætti Blossi, lukku-dýr ÍSÍ á svæðið en hann vekur alltaf lukku. Yngstu krakkarnir fengu einnig grillaðar pylsur og

ís í lokin.

Ellidi Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss, kom í garðinn og heilsaði upp á krakkana og starfsfólk ÍSÍ og þau Guðríður Aadnegard formaður HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri komu einnig í heimsókn. Starfsfólk ÍSÍ þakkar Sveitarfélaginu Ölfusi og öllum þátttakendum í Ólympíudeginum kærlega fyrir skemmtilegan dag.



Mynd: ÍSÍ

Björgunarstörf við Frostastaðavatn

Á laugardaginn sl. barst hálandisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar í Landmannalaugum aðstoðarbeiðni frá 20-30 manna hópi hestafólks, sem var að koma frá Landmannahelli og ætluðu inn í Landmannalaugar. Kona hafði fallið af baki við Frostastaðavatn og var óttast um að hún hefði hlotið hryggáverka. Björgunarfólk hélt þegar á staðinn og bjó konuna til flutnings.

Ákveðið var að fá þyrilu frá Landhelgisgæslunni til að flytja konuna á sjúkrahús. Ekki voru góðar aðstæður til að lenda þyrilu á slysstað svo konan var flutt skamma leið með bíl björgunar-sveitar og færð í þyrilu.



100 ár frá vígslu Djúpósstíflu í Þykkvabæ

Þriðjudaginn 4. júlí fór fram afmælishátíð en 100 ár eru liðin frá því Djúpósstífla var reist. Stíflan er stórmerkilegt mannvirki sem að mati flestra bjargaði Þykkvabæ. Boðið var upp á kaffiveitingar í tilefni af-

mælisins í umsjón Kvenfélagsins Sigurvonar eftir að nýtt söguskilti um stífluna var afhjúpað, við hlið minnisvarðans sem var reistur við stífluna fyrir 30 árum.

Garðurinn sem hlaðinn var í

Djúpós var 340 metra langur, 15 metra breiður og 2-4 metra hár. Hreppsþúar hófu verkið 26. maí 1923 og unnu sleitulaust til 4. júlí þegar fyllt hafði verið upp í hliðið. Sigurður Ólafsson bóndi á Háabæ var verkstjóri við stíflun

Djúpóss undir eftirliti Jóns Ís-ólfssonar verkfræðings og Geir Zoega vegamálastjóri lagði á ráðin um hvernig skyldi fara að. Á milli 90 og 100 menn reistu stífluna, að mestu í höndunum, og augljóst að um þrekvirki var

unnið á skömmum tíma við erfiðar aðstæður.

Myndirnar tók Ólafur Ingi Ólafsson.



Sigurður Sigurdórsson sæmdur Kjaransorðu

Í lok júní veitti Lionsklúbbur Hveragerðis Sigurði Sigurdórssyni Kjaransorðuna á ní-ræðisafmæli hans. Kjaransorðan er æðsta viðurkenning Lions-hreyfingarinnar á Íslandi og

er veitt þeim sem með óeigin-gjörnu og fórnfúsu starfi hafa markað spor í hreyfingunni og látið gott af sér leiða. Aðeins 3 fá hana á hverju ári.



F.v. Birgir S. Birgisson, Hrafn Hafsteinn Sigurdósson, Sigurður Sigurdórsson og Kristinn G. Kristjánsson. Mynd: Vilmundur Kristjánsson.



FAGLIST

HÚSAVIÐHALD OG JARÐVINNA

Smíðavinna · Múrvinna · Málningarvinna · Drenlagnir · Hellulagnir

Sími 437 0111 · faglist@faglist.is

www.faglist.is

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgun
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

KIRKJUR

Selfosskirkja

Guðsþjónusta verður í Selfoss-
kirkju, eða fyrir utan hana ef
veður leyfir, sunnudaginn 16. júlí
klukkan 11. Meðlimir úr kór kirkju-
unnar leiða sönginn.

Hveragerðiskirkja

Messa kl. 14 með þátttöku
Félags fyrrum þjónandi presta
og maka. Sr. Kristján Valur
Ingólfsson þjónar fyrir altari.
Organisti Ester Ólafsdóttir.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 sunnudaginn 16.
júlí. Altarisganga. Að íklæðast
Kristi í skírninni. Organisti er Jón
Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson,
biskup, þjónar fyrir altari og
prédikar.

Þingvallakirkja

Messa kl. 14 sunnudaginn 16.
júlí. Altarisganga. Að íklæðast
Kristi. Organisti er Jón Bjarnason.
Sr. Kristján Björnsson,
biskup, þjónar fyrir altari og
prédikar.

Grímsnes- og Grafningshreppi
gert að hækka gjaldskrá

Í ljósi þess að fyrir liggur
lálit og fyrirmæli innviðar-
áðuneytisins vegna stjórn-
sýslu sveitarfélagsins í máli
IRN22010877, þar sem fjallað
er um lögmæti gjaldskrár
sveitarfélagsins vegna aðgangs
að sundlaug og íþróttamið-
stöðinni Borg eru eftirfarandi
breytingar á gjaldskrá til-
kynntar. Að mati ráðuneytisins
er gjaldskrá sveitarfélagsins
Grímsnes- og Grafningshrepps
vegna aðgangs að sundlaug og
Íþróttamiðstöðinni Borg sem
rekin er af sveitarfélaginu ekki
í samræmi við jafnræðis- og
meðalhófsreglu stjórnsýslu-
réttar og er því ólögmæt að
mati ráðuneytisins. Í ljósi
niðurstöðu ráðuneytisins og
þess hvernig mál þetta er
vaxið taldi ráðuneytið ástæðu
til að gefa sveitarfélaginu þau
fyrirmæli að koma gjaldskrá
sveitarfélagsins vegna aðgangs
að Íþróttamiðstöðinni Borg í



lögmætt horf og fór jafnframt
fram á að verða upplýst um
viðbrögð sveitarfélagsins við
álitinu fyrir 1. ágúst 2023.

Vegna álits og fyrirmæla
innviðaráðuneytisins í ofan-
greindu máli samþykkti sveit-
arstjórn samhljóða eftirfarandi

breytingar á gjaldskránni fyrir
Íþróttamiðstöðina Borg á fundi
sínunum í morgun. Breytingin
tekur gildi frá og með 1. ágúst
2023.

Grímsnes- og
Grafningshreppur

Hevreh Ensemble í Skálholtskirkju

Hevreh Ensemble er tón-
listarhópur frá New York í
Bandaríkjunum. Þau bjóða uppá
ókeypis tónleika í Skálholts-
kirkju föstudagskvöldið 14. kúlí
kl. 18:00.

Flutt verður verk eftir hóp-
meðliminn Jeff Adler. Dagskrá-
in samanstendur af jazz - heim-
stónlist - klassík og mun hópur-
inn leika á fjölbreytt hljóðfæri,
eins og Cherokee indíanaflautur,
klarinett, bassaklarinett, óbó,
enskt horn og heimsslagverk
sem inniheldur djembe, dum-
bek, sjávartrömmu, balafon,
kalimba, regnstaf, tabla, stokk-
trömmu, lyklaborð og shofar.

Hópurinn hefur haldið tón-
leika jafnt í Evrópu og Banda-



ríkjunum og hlotið fjöldann
allan af verðlaunum og viður-
kenningum.

Hér má kynna sér hópinn bet-

ur: <http://hevrehensemble.com>
Verið velkomin í Skálholts-
kirkju.

HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að
úrbotum ýmiskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í tímann og sjá löngu
liðna atburði, hætta
reykingum og margt annað.

- Ég er líka með
augnlestur en með honum
má sjá ástand viðkomandi,
líkamlegt og andlegt. Þessu
fylgja ráð um hvernig breita
má hlutum til betri vegar.

- **Er einnig með Nudd og
svæðanudd** -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulíndinni í Miðgarði
s. 8981501

„Lestir og brestir“
í Strandarkirkju

„Lestir og brestir“ er yfir-
skrift næstu tónleika í tón-
leikaröðinni Englar og menn
í Strandarkirkju, sunnudaginn
16. júlí kl. 14. Þar koma fram
sópransöngkonurnar Guðrún
Brjánsdóttir og Sólveig Sig-
urðardóttir ásamt Einari Bjarti
Egilssyni píanóleikara. Þau
flytja sönglög, aríur og dúetta
sem fjalla á einn eða annan
hátt um mannlega lesti og
bresti. Á dagskránni eru m.a.
verk eftir Sigvalda Kaldalóns,
Pál Ísólffson, Atla Heimi
Sveinsson, Schubert, Grieg,
Verdi og Mozart.

Miðaverð er kr. 3.500 og
miðasala er við innganginn.



Guðrún Brjánsdóttir sópran.

Tónlistarhátíðin er
styrkt af Samtökum sunn-
lennskra sveitarfélaga, Tón-
listarsjóði kirkjunnar og
STEFs og Tónlistarsjóði.

Kótelettan

Samfélag okkar verður aldrei betra en þeir einstaklingar sem mynda það. Við þurfum hvert á öðru að halda, við þurfum á kraftmiklu hugsjónafólki að halda, við þurfum fólk sem er tilbúið að draga vagninn, fólk sem skapar jarðveg tækifæra og fólk sem framkvæmir.

Það eru ekki margir sem geta „hakað við“ flest af því sem að ofan er nefnt, en það geta þau Einar Björnsson og Anna Stella gert með góðri samvisku. Þrettán ára uppbygging og endalaus vinna án efa með sínu nánasta og besta fólki hefur skilað samfélagi okkar magnaðri fjölskylduhátíð, Kótelettunni tónlistar- og grillhátíð.

Kótelettan er orðin ein stærsta hátíðin sem haldin er á Íslandi og fjöldinn sem sótti Selfoss heim orðinn slíkur að hann verður vart toppaður fyrr en að ári, það er á næstu hátíð.

Við nutum öll ríkulega um liðna helgi, tónleikar, grill, fjöldi skemmtiatriða, mannlífið, fjölskylduskemmtun, samvera, fyrirtækin og þjónustuaðilar allir nutu góðs af og samfélagið blómstraði á einum af fallegustu dögum sumarsins.

Kótelettan er sannarlega

„stóri bróðir“ þegar kemur að viðburðum í Árborg og viðburðirnir eru margir, fjölbreyttir og mismunandi að umfangi, en þeir eiga það allir sameiginlegt að vera drifnir áfram af ástríðu- fullu fólki sem brennur fyrir að auðga samfélag okkar.

Við sem erum íbúar í Árborg eigum að tryggja að það séu aðstæður og aðstaða fyrir fjölbreyttar hátíðir af öllum stærðum og gerðum vítt og breytt um sveitarfélagið okkar. Það sást best um nýliðna helgi að hugsa þarf langt fram í tímann ef við eigum að tryggja með sóma nægjanlegt pláss fyrir hátíð sem Kótelettuna til að hún geti haldið áfram að stækka og eflast.

Fjöldi viðburða eru í boði í samfélagi okkar af öllum stærðum og gerðum og við þurfum sannarlega einnig að vera vakandi fyrir þeim sprotum og að skapa þeim jarðveg til að eflast.

Við þurfum að hugsa langt til framtíðar hvað varðar rými, aðstöðu og aðstæður, þannig að menningar-, fjölskyldu- og listviðburðir hafi sem best tækifæri til að vaxa, dafna og að vera í boði sem víðast í sveitarfélaginu okkar.

Mig langar að færa þeim Ein-



ari Björns og Önnu Stellu kærar þakkir fyrir að þrjóskað áfram ár eftir ár og fyrir að fara í dag fyrir stórum hópi fólks sem gerir grill- og tónlistarhátíðina Kótelettuna að veruleika.

Það er fjöldi viðburða af öllum stærðum og gerðum framundan í samfélaginu okkar, við skulum vera dugleg að sækja þá viðburði. Þátttaka okkar og áhugi er vítamínsprautu hvers viðburðar og hvatning til þeirra sem af ástríðu og hugsjón leggja sig fram um að auðga samfélag okkar.

Guðmundur Ármann

Leiksólinn Álfheimar hlýtur þriggja milljón króna styrk

Leikskólinn Álfheimar hlaut á dögunum styrk frá styrkja- áætlun Evrópusambandsins, Erasmus+. Styrkupp hæðin er rúmlega 3 milljónir króna sem gerir skólanum kleift að senda allt að 10 manns erlendis á viku- langt námskeið í útíkennslu.

A námskeiðinu munu þátt- takendur fá fræðslu í hugmynda- fræðinni að baki útíkennslu, auk þess að efla færni sína í skipu- lagningu og framkvæmd á úti-

kennslu með börnum.

Þátttakendur koma úr fjöl- breyttum hópi starfsfólks hvað varðar aldur, menntun og menningarlegan bakgrunn.

Tilgangur verkefnisins er að styrkja útíkennslu og umhverfismennt á Álfheimum en þessir þættir hafa verið flagg- skip starfsins um árabil.

F.h. starfsfólks Álfheima
Soffía Guðrún Kjartansdóttir
sérgreinastjóri útíkennslu

Gudrun Kloes sýnir í Galleríi undir stiganum

Fimmtudaginn 6. júlí opnaði ný sýning Undir stiganum í Bæjarbókasafninu í Þorlákshöfn. Að þessu sinni er það Gudrun Kloes sem sýnir.

Gudrun er fædd og uppalin í Þýskalandi en hefur búið hér- lendis frá árinu 1982 en í Þorlákshöfn síðan á síðasta ári. Fyrstu tíu árin starfaði hún hjá Þýska sendiráðinu en ævintýra- þráin leiddi hana út á lands- byggðina og hefur hún m.a. rekið ferðaþjónustufyrirtæki, kennt, borið út póst, unnið hjá Samtökum sveitarfélaga, þýtt og

skrifað bækur auk þess að stofna bókaútgáfu.

Frá árinu 2016 hefur Gudrun unnið að þróun sagnaþulaverkefnisins „Storytelling and stiches“ og eru myndirnar á sýningunni hluti af því.

Allur efniviður verkanna er endurnýttur, lök, borðdúkar og sængurver breytast úr hvers- dagslegum nytjahlutum í lista- verk.

Sýningin verður opin á opn- unartíma Bæjarbókasafnsins til loka ágúst mánaðar.



KFR stelpur kepptu til úrslita á Costa Blanca

Stelpurnar í 3. flokki KFR eru staddir ásamt þjálf- sínum Lárusi Viðari Stefánssyni í keppnisferð á Spáni. Þar taka þær þátt í alþjóðlegu fótbolta- mót, Costa Blanca Cup. „Fyrsti leikurinn var á mánudaginn í síðustu viku og var um tíma- mótaleik að ræða hjá félaginu því þetta er í fyrsta sinn sem lið frá KFR tekur þátt í keppni á er- lendri grundu í rauðu og bláu,“ segir Tinna Erlingsdóttir for-

maður KFR sem einnig er með í ferðinni. Á föstudaginn kepptu stelpurnar til úrslita í B-riðli við lið Puerto Rico. Leikurinn var jafn og æsispennandi og endaði með glæstum 4-3 sigri KFR.

Rangárþing eystra óskar stelpunum innilega til hamingju með sigurinn og það er ljóst að framtíðin er björg hjá þessum duglegu fótboltastelpum.

Rangárþing eystra



Tíu hoppukastalar á Úlfljótssvatni

Skátaland hefur opnað leik- svæði fyrir börn á Úlfljótssvatni sem þeir stefna á að vera með opið fram yfir verslunar- mannahelgi. Á leiksvæðinu eru 10 hoppukastalar.

„Við prófuðum þetta fyrst í 2021 þegar það voru ennþá samkomutakmarkanir og engar stærri bæjarhátíðir. Þá voru líka þrjú smærri skátamót á Úlfljótssvatni í staðinn fyrir eitt stórt og nýttum við leiktækin á skátamótunum. Það var tekið svo

vel í þetta að við vorum aftur með þetta í fyrra og þetta er svo skemmtilegt verkefni að við höldum áfram núna þriðja árið í röð,“ segir Jón Andri Helgason, starfsmaður Skátalands í samtali við Dagskrána.

Hoppukastalarnir eru augljóslega frábær viðbót við hið góða tjaldsvæði sem er fyrir á Úlfljótssvatni og einnig fyrir góða dagsferð með fjöl- skyldunni. „Við erum með smá aðstöðu fyrir fólk til þess

að setjast niður og slappa af á meðan börnin leika sér í hoppu- köstulunum. Þarna er fjölbreytt úrval af köstulum þar sem ungir jafnt sem gamlir geta hoppað og skoppað þangað til að öll orka er búin,“ bætir Jón Andri við í lokin.

Svæðið er opið kl. 13-18 alla daga á meðan veður leyfir og kostar litlar 2.000 kr fyrir dags- passa í leiktækin.



Hátíð á 10 ára afmæli Fischerssetursins

Á sunnudaginn var haldin hátíð í Laugardalakirkju og Fischerssetri þar sem tíu ár eru liðin frá stofnun Fischerssetursins á Selfossi. Aldís Sigfúsdóttir var sæmd gullmerki Skáksambands Íslands í setrinu eftir athöfnina en það gerði Gunnar Björnsson forseti Skáksambandsins.

Séra Kristinn Ágúst Friðfinnsson stýrði athöfninni í kirkjunni og Dagný Halla Björnsdóttir ættuð frá Glóru söng. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptamálaráðherra, og Guðni Ágústsson fluttu ávörp. Ennfremur sagði Sæmundur Pálsson (Sæmi rokk) besti vinur Fischers meðan á einvígi þeirra Spasskys stóð nokkur orð í lokin. Friðrik Ólafsson stórmestari í skák og Guðmundur G. Þórarinnsson fyrrverandi forseti Skáksambandsins lögðu blómsveig að leiði Bobby Fischers.



Eftir hina kirkjulegu athöfn var komið saman og drukkið kaffi í Fischerssetrinu. Ólafur Bjarnason verkfræðingur frá Króki í Hraungeðishreppi, formaður stjórnar skáksetursins, stýrði athöfninni þar. Guðmundur G. Þórarinnsson flutti ræðu og margir tóku til máls. Lilja Alfreðsdóttir lýsti því yfir að styrktarsamningur yrði gerður við Fischerssafnið. Ennfremur

skipaði hún Guðna Ágústsson formann fjáröflunarnefndar til að safna styrktarfé til uppbyggingar minnismarkis í Reykjavík um Einvígi aldarinnar sem fram fór í Laugardalshöllinni fyrir rúmum fimmtíu árum eða 1972 og er einn frægasti atburður Íslandssögunnar.

Dagurinn var einn besti sumardagurinn með 23 stiga hita í Flóanum.



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bntnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is